

Skólaráðsfundur BES 20. febrúar 2025

Haldinn á Stokkseyri kl. 18:00

Boðaðir voru:

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólastjóri
Ragna Berg Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Ásdís Ósk Ragnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Ósk Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra
Ósk Pálsdóttir, fulltrúi kennara
Magnþóra Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara (boðaði forföll)
Hafdís Sigurjónsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna,
Kristrún Birta Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Aþena Rós T. Fannarsdóttir, fulltrúi nemenda

1. Síðasta fundargerð lesin
2. Skóladagatal 2025-2026
 - a. Farið yfir skóladagatal næsta skólaárs. Mikilvægar dagsætningar:
 - i. Skólasætning mánudaginn 25. ágúst
 - ii. Frístundamessa 5. september
 - iii. Starfsdagur 10. október þegar haustþing KS verður haldið
 - iv. Haustfrí 23. og 24. október
 - v. Starfsdagur og foreldravíðtöl 3. og 4. nóvember
 - vi. Skreytingadagur 21. nóvember
 - vii. Litlu jólin 19. desember
 - viii. Skóli lokaður 2. janúar
 - ix. Starfsdagur 5. janúar og nemendur hefja nám eftir jólafrí 6. janúar
 - x. Starfsdagur og foreldravíðtöl 5. og 6. febrúar
 - xi. Vetrarfrí 23. og 24. febrúar
 - xii. Þemadagar í lok apríl - gætu færst til
 - xiii. Starfsdagur föstudaginn 15. maí
 - xiv. Vordagar 8.-10. júní
 - xv. Skólaslit 11. júní
 - xvi. Skóladagatalið verður tekið fyrir á fundi Fræðslu- og frístundanefndar í mars og birt á heimasíðu skólans í kjölfarið.
3. Húsnæðismál Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri
 - a. Sagt frá því að stjórnendur hafa haft frumkvæði að því að óska eftir samtali við ráðamenn í Árborg um húsnæðismál skólans. Bráðabirgðahúsnæði skólans á Eyrarbakka er of lítið fyrir þann fjölda nemenda sem er í skólanum og verður í skólanum á næsta skólaári. Vinna er hafin við að setja upp mismunandi sviðsmyndir varðandi lausn til næsta skólaárs með framtíðarsýn til hliðsjónar. Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 25. febrúar 2025.
4. Hugmyndafræði/uppeldisstefna
 - a. Skólinn hefur hafið vinnu við að skoða mögulegar uppeldisstefnur/hugmyndafræði til að starfa eftir. Skólaþróunarnefnd innan skólans vinnur að því að kynna sér mismunandi stefnur og mynda sér skoðun. Þetta verkefni verður unnið í þétu samstarfi stjórnenda, starfsmanna, nemenda og

foreldra. Stefnt að því að kalla skólaráð til fundar einu sinni enn á skólaárinu til að fjalla um þetta mál. Ekki er kominn tímarammi á verkefnið.

5. Önnur mál

- a. Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um fjölda kennslustunda á viku á unglingastigi. Kennslustundir eru 35 en ekki 37 sem hefur verið rökstutt hingað til með því að nemendur BES hafa þurft að hætta tímanlega til að ná tímanlega í frístundir á Selfossi og að óstaðbundið val nemenda hafi komið í stað tveggja kennslustunda. Hins vegar sé þetta mál í endurskoðun fyrir næsta skólaár og verður fjallað nánar um það á fundi með stjórn foreldrafélags þriðjudaginn 25. febrúar 2025.
- b. Ósk frá nemendum um að fá vatnsbrunn í skólann. Til að fylla á vatnsflöskur. Tekið vel í þá tillögu.
- c. Fjölgun nemenda frá Selfossi í BES og sérstaklega á unglingastig en nemendur lenda oft í að bíða lengi eftir strætó. Ábendingu verður komið á framfæri til réttara aðila.
- d. Spurt var um hvort tónlistaskólinn væri hættur að koma inn í skólana á skólatíma. Það eru tónlistatímar á Eyrarbakka en engir tímar hafa verið á yngra stigi á Stokkseyri eftir áramótin. Því svarað til að tónlistarskólinn eigi sitt rými í skólanum og samstarf sé þar um en væntanlega hafi engar skráningar verið nú á vorönninni. Meiri upplýsingar hafa stjórnendur skólans ekki.

Fundi slitið 18:35